

## Viðauki við skýrslu vegna tilfærslu á veglínu



## Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ferjuhafnar í Bakkafjöru

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Nóvember 2007

2007/8

## Inngangur

Í október 2007 unnu fornleifafræðingar Byggðasafns Árnesinga skýrslu vegna umhverfismats á áhrifum veglagningar vegna gerðar Bakkafjöruhafnar og var hún gefnin út og send til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Í nóvember hafði Vegagerðin afráðið að færa veglínu og var þá gerð sú viðbótarrannsókn sem hér fylgir á eftir. Við þessa rannsókn fundust tveir minjastaðir innan 100 m frá hinni nýju veglínu.

Í þessum viðauka verður gerð grein fyrir hinum nýskráðu minjum og jafnframt endurskoðuð staðsetning þeirra minja sem skráðar voru samkvæmt eldri veglínu.

Vettvangsvinnu við breytta veglínu vann Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og er hún jafnframt höfundur þessarar skýrslu.

## Nýskráðar minjar:

### Tjarnir – 163813-70-5

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 340256, E 447107.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 800 m suður af eyðibýlinu Tjörnum er breiður vallendisbakki sem heitir Tjarnarnes. Þar eru tveir hólar sem rústir standa á.

**Lýsing:** Nyrðri rústin er ílöng með op í norður. Innarmál hennar er 4 m á lengd og 2 m á breidd. Utanmál hennar eru

5 m á lengd og 5 m á breidd. Veggir eru mjög sokknir og mælast um 20-30 sm. Rústin stendur á hól sem er 16 m breiður frá V-A og 15 m frá N-S. Hóllinn stendur um 1 m hærra en umhverfið í kring.

Rústin ber öll merki þess að vera nokkuð gömul. Rústirnar standa við uppþornaðan árfarveg og eru væntanlega fjárhús að einhverju tagi eða jafnvel sel.

**Rústin er um 72 m frá veglínu C.**



*Rústirnar tvær. Syðri rústin er nær á myndini.*

*Myndin er tekin í N-V. Ljósmynd MHH*

### Tjarnir – 163813-70-6

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 340239, E 447115.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 800 m suður af eyðibýlinu Tjörnum er breiður vallendisbakki sem heitir Tjarnarnes. Þar eru tveir hólar sem rústir standa á. Rústin er 4 m suður af rúst [163813-70-5].



*Rústirnar tvær á Tjarnarnesi. Tekið í N-V. Ljósmynd MHH*



### **Tjarnir – 163813-70-4**

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 342603, E 447352.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegafra-  
kvæmda.

**Staðhættir:** Um 1 km norður af bæjar-  
stæðinu á Tjörnum eru þrjár rústahólar á  
grasi grónu svæði. Um 15 m fyrir norðan  
hólana eru grónir sandsaurar.

**Lýsing:** Austasta rústin á svæðinu er um  
5 m suðaustur af stærstu tóftinni [163813-  
70-2]. Þessi rúst er ólík hinum tveimur að  
því leyti að hún er ílöng, um 15 m að  
lengd og 9 m að breidd og liggur í austur-vestur. Það sést móta fyrir hleðslum  
langveggjanna, þó þar sjáist ekkert grjót. Veggjahæð þar er um 50 sm. Líklega hefur  
inngangur verið mót austri. Mikil þúfnamyndum er kringum tóftina, sem einnig gætu  
verið fallnar hleðslur. Umhverfis tóftina er yfirborðið svolítið lægra en umhverfið á  
um 2 m breiðu belt.

Útlit þessarar tóftar bendir frekar til byggingar undir þaki en aðhalds.

**Rústin er um 90 m frá veglínu C.**



*Tóftin séð í austur. Ljósmynd MHH*

### **Minjar við veglínur og mótvægisadgeriðr**

Hér á eftir fylgja tillögur að mótvægisadgerðum fyrir einstaka minjar á eða við áætluð  
framkvæmdasvæði í tengslum gerð hafnar í Bakkafjöru. Hafa ber í huga að einungis  
er um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða adgerða  
verður gripið til verndar minjum og einnig hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða  
fjarlægja minjar eru háð. skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

#### **Veglína C:**

**Tjarnir-163813-70-3 Óþekkt/aðhald.** Hringlaga rúst eða aðhald sem er í 99 m  
fjarlægð frá nýju veglínunni. Rúsiin telst ekki í bráðri hættu vegna þess að fjarlægð  
frá veglínu er nokkur.

**Mótvægisadgerðir:** Lagt er til að rústin verði merkt svo hægt sé að koma í veg  
skemmdir á minjunum.

**Tjarnir – 163813-70-4 Rústahóll/tóft.** Ílöng tóft sem staðsett er um 90 m frá hinni  
nýju veglínu. Rústin telst ekki í bráðri hættu vegna þess að fjarlægð frá veglínu er  
nokkur.

**Mótvægisadgerðir:** Lagt er til að rústin verði merkt svo hægt sé að koma í veg  
skemmdir á minjunum.

**Tjarnir – 163813-70-5 Rústahóll/tóft.** Rústin stendur við uppþornaðan árfarveg á  
grónum vallendisbakka. Rústin er 72 m frá fyrirhuguðu vegstæði.

**Mótvægisadgerðir:** Lagt er til að rústin verði merkt til þess að koma í veg fyrir að hún  
skemmist vegna framkvæmda. Annar möguleiki væri að hnika til veglínu.

**Tjarnir – 163813-70-6 Rústahóll/tóft.** Rústin stendur við uppþornaðan árfarveg á grónum vallendisbakka. Rúsin er 64 m frá fyrirhuguðu vegstæði .

**Mótvægisáðgerðir:** Lagt er til að rústin verði merkt til þess að koma í veg fyrir að hún skemmist vegna framkvæmda. Annar möguleiki væri að hnika til veglínu.

### **Þvervegur á leið C**

**Bakki - 163845-118-2: Bæjarhóll.** Hápunktur bæjarhólsins Gamla-Bakka er staðsettur um 90 m suður af þvervegi C, en suðurbrún bæjarhólsins er um 50 m frá veglínu. Hóllinn geymir ugglaut mikilvæga sögu um mannvist á þessum stað, þó undirstaða undir vindpoka fyrir flugvöllinn hafi hugsanlega raskað einhverju.

**Mótvægisáðgerðir:** Verði þessi þvervegur lagður þyrfti að færa vegstæði um 50 m til norðurs til þess að bæjarhóllinn yrði utan 100 m marka. Einnig er mikilvægt að merkja bæjarhóllinn vel svo hann verði ekki fyrir neinum skemmdum við framkvæmdir, og hugsanlega girða hann af. Ef sýnt þykir að hóllinn skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja og jafnvel heildaruppgröftur.

**Bakki - 163845-118-3: Þúst.** Um 50 m norður af þvervegi C er nokkuð stór grasbali/hóll sem hefur ekki blásið upp frekar en bæjarhóllinn [163845-118-2]. Hóllinn gæti bent til þess að á svæðinu hafi verið einhver hús. Ekki sjást neinar tóftir en nokkuð af misfellum er í hólnum.

**Mótvægisáðgerðir:** Ef ekki er unnt að hnika veglínu til, verður að merkja svæðið. Ef sýnt þykir að svæðið skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja og jafnvel heildaruppgröftur.

### **Niðurlag**

Við breytingu á veglínu C sem liggur frá þjóðvegi 1 niður að strönd var vegstæðið fært meira út í farveg Markarfljóts. Við þetta urðu tvær áður skráðar minjar innan 100 m fjarlægðar frá hinni nýju veglínu. Rústirnar eru þrjár en sú vestasta í þyrpinguni er utan 100 m viðmiðs.

Sami þvervegur gengur að hinni nýju veglínu og eru því nokkar minjar í landi Bakka enn innan 100 m frá veglínu. Verða þær minjar taldar upp aftir hér.

Nýja veglínan liggur mun nær bæjarstæðinu á Tjörnum sem er mjög heilstætt menningarlandslag sem ber að varðveita (sjá meðfylgjandi kort). Við framkvæmdir á svæðinu verður því að gæta ítrustu varkárni til þess að skemmdir og rask verði ekki á svæðinu. Er það mat skýrsluhöfundar að forðast eigi með öllu umferð stórvirkra vinnuvéla við land Tjarna.

Tvö skipsflök eru á sandinum og annað þeirra er dönsk skonotta sem strandaði þar árið 1920 en skipið var smíðað árið 1917. Hvorugt þessari skipa er innan 100 m frá fyrirhuguðum veg en staðsetning flakana er N 445404 E 336914 og N 443021 E 336959 . Teljast flök þessara skipa ekki í nokkuri hættu vegna fyrirhugaðs vegar.

Allar framkvæmdir sem kunna að valda skemmdum á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Hafa verður í huga að fornminjar geta komið óvænt í ljós þótt þeirra sjái ekki stað á yfirborði. Þá þarf að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.